

Hákon Jensson

Fornleifaskráning vegna lagningar rafmagnsstrengs frá Bakka til Hólkots í Fjallabyggð.



Búnaðarsamband Eyjafjarðar
Rannsóknarskýrslur 2021/10



BÚNAÐARSAMBAND
EYJAFJARÐAR

Forsíðumynd: Hóllinn Vémundi á Vermundarstöðum, mynd tekinn í austur.



© Hákon Jensson
Búnaðarsamband Eyjafjarðar,
Akureyri 2021/10

EFNISYFIRLIT

INNGANGUR.....	1
TILGANGUR FORNLEIFASKRÁNINGAR.....	1
AÐFERÐIR.....	3
FORNLEIFASKRÁNING.....	4
SAMANTEKT.....	11
HEIMILDASKRÁ.....	12

1. Inngangur

Skýrsluhöfundur var beðinn að sjá um fornleifaskráningu fyrir Rarik vegna lagningar rafmagnsstrengs í jörð. Framkvæmdasvæðið nær frá Bakka til Hólkots í Fjallabyggð en áform eru uppi um að leggja strenginn vorið 2022.

Skráningin fór eftir uppmælingargögnum sem Rarik útvegaði. Skráning og úrvinnsla var í höndum Hákonar Jenssonar fornleifafræðings hjá Búnaðarsambandi Eyjafjarðar.

Vettvangsskráningin fór fram í fyrri hluta ágúst 2021.

Skýrsluhöfundur vill þakka heimildarmönnum fyrir góðar upplýsingar um svæðið.

Verkefnisnúmer Minjastofnunar Íslands: 2715.

2. Tilgangur fornleifaskráningar

Megin markmið fornleifaskráningar er að tryggja varðveislu menningararfsins ásamt því að gera bæði sveitarfélögum og Minjastofnun kleift að móta stefnu í minjavörslu.¹ Til þess að fyrirbyggja að minjar verði fyrir skemmdum við framkvæmdir þá voru sett lög ákvæði að skráning á menningarminjum eigi sér stað áður en gengið sé frá deiliskipulagi eða aðalskipulagi. Jafnframt að sá kostnaður sem hlýst af við skráninguna skuli leggjast á þann sem ber ábyrgð á skipulagsgerðinni í samræmi við skipulagslögin.²

Í lögum um menningarminjar frá árinu 2012 í I. kafla, 3. grein er ítarleg upptalning á menningarminjum en samkvæmt þeim eru: „Fornminjar samkvæmt lögum þessum eru annars vegar forngripir og hins vegar fornleifar.

Forngríp eru lausamunir 100 ára og eldri sem menn hafa notað eða mannaverk eru á og fundist hafa í eða á jörðu eða jökli, í vatni eða sjó. Skip og bátar frá því fyrir 1950 teljast til forngripa. Til forngripa teljast einnig leifar af líkómum manna og hræjum dýra sem finnast í fornleifum, svo sem fornum haugum, dysjum og leiðum.

Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

- a. búsetulandslag, skrudgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
- c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,

¹ Heimasíða Minjastofnunnar.

² Heimasíða Minjastofnunnar.

- d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
- e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
- f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
- i. skipsflök eða hlutar þeirra.
- j. Fornminjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands.”²

Varðandi verndun á fornleifum þá er því lýst nokkuð ítarlega í VI. Kafla, 21. grein að: „Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Eigendur og ábúendur jarða skulu hlúa að fornleifum á landareignum sínum og viðhalda umhverfi þeirra eftir því sem sanngjarnt getur talist. Minjastofnun Íslands er skylt að veita ráðgjöf og leiðbeiningar í því sambandi.”³

Þar sem fornleifar eru til staðar þá er ágætt að skoða svo VI. kafla, 22 grein í þjóðminjalögunum en þar er skýrt tekið fram að: „Fornleifum sem eru friðlýstar skal fylgja 100 metra friðhelgað svæði út frá ystu sýnilegu mörkum þeirra og umhverfis nema kveðið sé á um annað. Hvers konar röskun, byggingarframkvæmdir eða aðrar framkvæmdir á friðhelguðu svæði umhverfis friðlýstar fornleifar eru óheimilar án leyfis Minjastofnunar Íslands. Friðhelgað svæði umhverfis aðrar fornleifar, sem ekki eru friðlýstar en njóta friðunar, skal vera 15 metrar nema annað sé ákveðið.”⁵

Þrátt fyrir að í fornleifaskráningunni finnist engar fornleifar þá er þó mikilvægt að hafa í huga VI. kafla, grein 24 í þjóðminjalögunum að: „Finnist fornminjar sem áður voru ókunnar, t.d. undir yfirborði jarðar, sjávar, vatns eða í jökli, skal skýra Minjastofnun Íslands frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn. Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megir úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megir fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.”⁶

Frá árinu 2013 hefur Minjastofnun verið með staðlaða skráningu fyrir fornleifar. Tilgangurinn með því var sá að samræma gögn og hafa ákveðna kröfu um lágmarksgæði skráningar. Þar af leiðandi ættu framkvæmdaaðilar og skráningaraðilar að hafa nokkuð góðar upplýsingar um

² Heimasíða Alþingis.

³ Heimasíða Alþingis.

⁵ Heimasíða Alþingis.

⁶ Heimasíða Alþingis.

kröfur Minjastofnunar til fornleifaskráningar til þess að hún geti tekið byggt sínar stjórnsýsluákvarðanir á.⁴

3. Aðferðir

Við skráningu fornleifa á staðnum var notast við skráningarstaðla Minjastofnunnar Íslands. Við undirbúningsvinnuna og úrvinnsluna var notast við ýmis konar heimildir og gögn, til dæmis loftmyndir frá Loftmyndum ehf. frá 2000 til 2019 á map.is, örnefnaskrár, örnefnasafn landmælinga, niðurhalsgögn frá Landmælingum Íslands ásamt upplýsingum frá heimafólki. Einnig var til fornleifaskráning af Ólafsfirði frá 2006 sem gerð var af Fornleifastofnun Íslands. Það var þó krafa um uppfærslu á þeirri skráningu þar sem hún var kominn til ára sinna og nákvæmni GPS hnita ekki jafn góð þá og er nú.

Þegar öll þessi gögn höfðu verið skoðuð var farið í vettvangskönnun þar sem skoðað var fyrirhugað framkvæmdasvæði. Kortavinna var unnin í Microstation v8i forritinu með loftmynd frá Loftmyndum ehf. frá 2019 og 2016.

Þrátt fyrir að það hafi verið gengið skipulega til verksins þá verður að hafa það í huga að óþekktar fornleifar geta alltaf komið í ljós og verður þá að taka tillit til þess í framkvæmdunum.

⁴ Heimasíða Minjastofnunnar.

4. Fornleifaskráning

Bakki:

Fornleifanúmer: 2715-01

Hnit: A508554.1 N609501.1 ISN93

Hlutverk: Útihús

Tegund: Heimild

Samkvæmt túnakorti var útihús skammt austan við heimreiðina um 10 m norðan við núverandi útihús. Engin ummerki um það sáust á staðnum.

Fornleifanúmer: 2715-02

Hnit: A508622.7 609714.4 ISN93

Hlutverk: Útihús

Tegund: Tóft

Í kringum 230 m norð-austan við núverandi útihús við enda á brekku var tóft. Stærðin á henni var um 6X4.4 m og var útgangur til vesturs. Hæð veggja var um 0,3-0,5 m og breidd 0.8-1 m. Eins og sést á mynd 1 er hún vel gróin og auðsjánleg bæði á vettvangi og loftmyndum.



Mynd 1. Tóft á Bakka, myndin er tekin í norð-austur.

Karlsstaðir:

Á Karlsstöðum voru engar skráðar fornleifar á framkvæmdasvæði né fundust neinar á loftmyndum né við vettvangskonun.

Vermundarstaðir:

Fornleifanúmer: 2715-03

Hnit: A509495.0 N611096.0 ISN93

Hlutverk: Legstaður

Tegund: Heimild

Í örnefnaskrá segir að hóllinn Vémundi sé suður og niður við Fjarðará. Þar segja munnmæli að Vémundur eða Vémundi sé heygður sem bærinn dragi nafn sitt af. Hóllinn er í kringum 100 m

austan við þjóðveginn og um 340 m suð-austur af íbúðarhúsinu á Vermundarstöðum. Hóllinn er ílangur malarhóll sem liggur austur-vestur. Hann er nokkuð gróinn á toppnum en þó má sjá víða í beran jarðveginn í hlíðum hans.⁵ Ekki var hægt að sjá neinar mannvistarleifar á hólnum.

Fornleifanúmer: 2715-04

Hnit: A509621.4 N611597.5 ISN93

Hlutverk: Útihús

Tegund: Heimild

Á túnakortinu var útihús skammt fyrir austan þjóðveginn um 200 m norð-austur af íbúðarhúsinu á Vermundarstöðum. Ekki sást neinn ummerki um það í túni.

Þverá:

Engar skráðar fornleifar voru nærri framkvæmdasvæði. Ekki fundust heldur neinar við vettvangskönnun né skoðun á loftmyndum.

Kvíabekkur:

Fornleifanúmer: 2715-05

Hnit: A511125.1 N613775.4 ISN93

Hlutverk: Útihús

Tegund: Tóft

Í kringum 15 m fyrir austan þjóðveginn um 900 m norð-austur af kirkjunni á Kvíabekk er ílöng tóft um 8X3,4 m. Tóftin er skammt vestan við lækjarbakka, hleðsluhæð veggja er um 0,1-0,3 m og breidd um 0,8 m. Ekki var hægt að sjá neinn útgang á tóftinni en hún er mjög sýnileg á loftmyndum.



Mynd 2, Tóft, mynd tekin í suð-austur.

⁵ Ágústa et al. 2006, bls. 104.

Hóll:**Fornleifanúmer:** 2715-06

Hnit: A510601.9 N612626.5 ISN93

Hlutverk: Útihús

Tegund: Heimild

Samkvæmt túnakorti var útihús nokkurn veginn þar sem núverandi íbúðarhús stendur í dag, kannski aðeins sunnan við það. Ekki sjást nein ummerki um það á staðnum.

Hringverskot:

Engar skráðar fornleifar voru nærri framkvæmdasvæði. Ekki fundust heldur neinar við vettvangskonun né á loftmyndum.

Hrúthóll:

Engar skráðar fornleifar voru nærri framkvæmdasvæði. Ekki fundust heldur neinar við vettvangskonun né á loftmyndum.

Þóroddsstaðir:**Fornleifanúmer:** 2715-07

Hnit: A512452.6 N615221.1 ISN93

Hlutverk: Fjós

Tegund: Heimild

Samkvæmt túnakorti var útihús um 18 m suður af núverandi íbúðarhúsi. Engin ummerki sjást um það á staðnum.

Fornleifanúmer: 2715-08

Hnit: A512486.4 N615217.7 ISN93

Hlutverk: Smiðja

Tegund: Heimild

Fyrir austan veg um 30 m suð-austur af núverandi íbúðarhúsi var útihús samkvæmt túnakorti. Ekki var hægt að sjá nein ummerki um það á staðnum.

Fornleifanúmer: 2715-09

Hnit: A512472.9 N615210.9 ISN93

Hlutverk: Kálgarður

Tegund: Heimild

Þar sem núna er þjóðvegur var kálgarður samkvæmt túnakortinu. Var garðurinn um 30 m suð-austur af núverandi íbúðarhúsi, skammt suð-vestan við útihús nr. 2715-08.

Kálfsá:**Fornleifanúmer:** 2715-10

Hnit: A512334.3 N614322.8 ISN93

Hlutverk: Útihús

Tegund: Heimild

Á túnakortinu var útihús staðett fast norð-vestan við núverandi íbúðarhús. Engin ummerki um það sjást á staðnum.

Fornleifanúmer: 2715-11

Hnit: A512406.1 N614428.4 ISN93

Hlutverk: Útihús

Tegund: Tóft

Í kringum 16 m fyrir austan þjóðveginn um 110 m norð-austur af íbúðarhúsinu á Kálfsá eru leifar af tóft. Tóftin er varla sýnileg vegna gróðurs og reyndist erfitt að mæla hana upp af þeim sökum.

Samkvæmt eldri skráningu eru þetta leifar af fjárhúsbyggingu sem aldrei var lokið við.⁶

Rústirnar eru L-laga og lengd veggjanna var 7,3X6,8 m, hæð veggja um 0,2 m að innan en 1 m að utan. Breidd veggja var 0,8-1,8 m en austur hlutinn virtist vera nokkuð breiðari en norður hlutinn.



Mynd 3. Leifar af fjárhústóft ill sýnilegar í háu grasi, mynd tekinn í suð-austur.

Lón:

Fornleifanúmer: 2715-12

Hnit: A513080.1 N615149.8 ISN93

Hlutverk: Býli

Tegund: Heimild

Lón fór í eyði árið 1934 og stóð gamli bærinn þar sem í dag stendur sumarhús. Stendur sumarhúsið á háum hól og hefur trjáum verið plantað í kringum hann.⁷

Fornleifanúmer: 2715-13

Hnit: A513076.1 N615137.6 ISN93

Hlutverk: Kálgarður

Tegund: Heimild

Á túnakortinu var fast sunnan við íbúðarhúsið kálgarður. Ekki sáust neinar leifar af garðinum á svæðinu en tré hafa verið gróðursett þar.

⁶ Ágústa et al. 2006, bls. 168.

⁷ Ágústa et al. 2006, bls. 171.

Fornleifanúmer: 2715-14

Hnit: A513307.7 N615376.8 ISN93

Hlutverk: Legstaður

Tegund: Tóft

Í eldri fornleifaskráningu segir frá þústi sem er austan við þjóðveg og segir sagan að einhver sé grafinn þar. Gengur þústin undir nafninu „Leiðið”.⁸ Hún er nokkuð áberandi í aflíðandi brekku og vex lyng á henni. Þústin er um 35 m austan þjóðvegar og um 50 m í norð-vestur af sumarhúsi sem stendur á lóð sem nefnist „Lón land”⁹ í þjóðskrá. Þústin er egglega, lengd 8,6 m og breidd um 5,6 m. Hæð hennar er frá 0,4 m í austur til 1 m í vestur.



Mynd 4. Þústi sem gengur undir nafninu Leiðið, mynd tekinn í suð-austur.

Vatnsendi:

Fornleifanúmer: 2715-15

Hnit: A513940.9 N616183.1 ISN93

Hlutverk: Útihús

Tegund: Heimild

Samkvæmt túnakorti var útihús um 20 m fyrir austan veg eða um 75 m suð-vestur af sumarhúsi sem var byggt árið 2012.¹⁰ Ekki sjást neinar leifar af því á staðnum.

Fornleifanúmer: 2715-16

Hnit: A514013.5 N616271.3 ISN93

Hlutverk: Býli

Tegund: Heimild

Gamli bærinn á Vatnsenda stóð þar sem síðar stóð steinsteypt tveggja hæða íbúðarhús með kjallara um 30 m austan við þjóðveg.¹¹ Það hús hefur nú verið rífið og nýtt sumarhús byggt árið 2012 skammt frá.¹² Gamla bæjarstæði hefur verið um 34 m norð-austan við núverandi sumarhús.

⁸ Ágústa et al. 2006, bls. 174.

⁹ Vefuppfletti fasteignarskrár.

¹⁰ Vefuppfletti fasteignarskrár.

¹¹ Ágústa et al. 2006, bls. 177.

¹² Vefuppfletti fasteignarskrár.

Fornleifanúmer: 2715-17

Hnit: A514013.5 N616271.3 ISN93

Hlutverk: Kálgarður

Tegund: Heimild

Á túnakortinu var kálgarður fast sunnan við gamla íbúðarhúsið, ekki sjást neinar leifar af garðinum á staðnum enda hefur verið byggt steinsteypt hús í millitíðinni á tveimur hæðum¹³ og rífið seinna og svæðið sléttað. Kálgarðurinn hefur verið um 30 m norðan við sumarhúsið á staðnum.

Hólkot:

Fornleifanúmer: 2715-18

Hnit: A514474.6 N616698.5 ISN93

Hlutverk: Útihús

Tegund: Heimild

Samkvæmt túnakorti var útihús um 60 m suð-austur af núverandi íbúðarhúsi á Hólkoti, ekki sjást neinar leifar á staðnum í mjög háum gróðri.

Fornleifanúmer: 2715-19


Hnit: A514489.3 N616710.6 ISN93

Hlutverk: Útihús

Tegund: Heimild

Í kringum 68 m suð-austur af núverandi íbúðarhúsi, aðeins austar en útihús nr. 2715-18 voru fjárhús samkvæmt túnakortinu. Ekki sjást heldur neinar leifar af mannvirkinu í mjög háum gróðri.

¹³Ágústa et al. 2006, bls. 177.



Nafn	BAKKI - HÓLKOT	Dags.	17.10.2021 hj	Skýringar:	
	FJALLABYGGÐ	Mælikv.	1:24000 í A3	Fornleifar og heimildir um fornleifar á framkvæmdasvæði Raríks vegna lagningar jarðstrengs.	 BÚGARÐUR RÁÐGJAFARÞJÓNUSTA NORÐAUSTURLANDI Óseyri 2, 603 Akureyri, s: 460 4477, netf: bugardur@bugardur.is Unnið eftir mynd nr. e501/e511 / gps mæl. frá Loftmyndir ehf. 2019 / 2016

5. Samantekt

Á leið rafmagnsstrengsins í Fjallabyggð voru skráðir 19 minjastaðir, þar af voru 4 sem voru sýnilegir. Á hinum voru heimildir um minjar sem ekki sáust á yfirborði. Af þeim stöðum sem sýnilegar minjar voru til staðar voru tveir sem rafmagnsstrengurinn liggur í gegnum í nr. 2715-5 og 2715-11. Í hinum tveimur tilfellunum nr. 2715-2 og 2715-4 eru minjarnar aðeins innan 15 m friðhelgismarkanna.

Í þeim tilvikum þar sem heimildir eru um að minjar hafi verið er ágætt að hafa það í huga að þrátt fyrir að reynt sé að staðsetja minjarnar eftir bestu getu þá getur alltaf skeikað um einhverja metra til eða frá og í sumum tilvikum er líklega ekkert eftir af minjunum vegna seinni tíma framkvæmda. Það er þó alltaf sá möguleiki fyrir hendi að minjar leynist undir yfirborðinu þegar framkvæmdir hefjast. Verður þá að tilkynna fundinn til Minjastofnunnar sem tekur ákvörðun um framhaldið.

Akureyri, 1. nóvember 2021
Hákon Jensson

6. Heimildaskrá

Ágústa Edwald, Elín Ósk Hreiðarsdóttir, Orri Vésteinsson, Sigríður Þorgeirsdóttir, Sædís Gunnarsdóttir og Uggi Ævarsson. (2006). Fornleifaskráning í Ólafsfirði. Fornleifastofnun Íslands. Reykjavík.

Heimasíða Alþingis. Lög um menningarminjar. Sótt af <http://www.althingi.is/altext/stjt/2012.080.html>. Skoðað 16.02.2019.

Heimasíða Minjastofnunnar. Skráning fornleifa. Minjastofnun Íslands. (2013). Sótt af <http://www.minjastofnun.is/minjar/skraning-fornleifa/>. Skoðað 16.02.2019

Heimasíða Minjastofnunnar. Skráningarstaðlar fornleifa. Minjastofnun Íslands. (2013). Sótt af <http://www.minjastofnun.is/minjar/skraning-fornleifa/skraningarstadlar/>. Skoðað 16.02.2019

Heimasíða Þjóðskrá, vefuppfletti fasteignarskrár. Þjóðskrá. Sótt af <https://vefuppfletti.skra.is/leit>. Skoðað 17.10.2021.

Heimildarmenn:

Eyþór Eyjólfsson, 1963, Bakki, Fallabyggð.

Mikael G. Mikaelsson. 1942, Vermundarstaðir, Fjallabyggð.

Rögnvaldur Örn Snorrason, 1961, Vaðlabbyggð 10, Akureyri.

Sigurbjörg Kristjánsdóttir, 1965, Nökkvavogi 19, Reykjavík.

Sveinbjörn Þ Sveinbjörnsson, 1964, Kálfsá, Fjallabyggð.

Túnakort:

Bakki í Ólafsfjarðarhreppi í Eyjafjarðarsýslu.

Hóll í Ólafsfjarðarhreppi í Eyjafjarðarsýslu.

Hólkot í Ólafsfjarðarhreppi í Eyjafjarðarsýslu.

Kálfsá í Ólafsfjarðarhreppi í Eyjafjarðarsýslu.

Lón í Ólafsfjarðarhreppi í Eyjafjarðarsýslu.

Vatnsendi í Ólafsfjarðarhreppi í Eyjafjarðarsýslu.

Vermundarstaðir í Ólafsfjarðarhreppi í Eyjafjarðarsýslu.

Þóróddsstaðir í Ólafsfjarðarhreppi í Eyjafjarðarsýslu.